

Nd.

166. Nefndarátt

um frv. til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Frá allsherjarnefnd.

Mál þetta hefir verið fyrir þinginu áður, síðast árið 1921; var þá afgreitt frá neðri deild, en felt við 2. umr. í efri deild.

Krafan um skiftingu Ísafjarðarprestakalls er sanngjörn, og hafa sterk rök verið færð fram fyrir þessari sanngirniskröfu, bæði í greinargerð frv. [A. 1921, bls. 415] og í umræðum málsins [C. 1921, bls. 115], og visast til þess hjer.

Og þótt allsherjarnefnd telji annars rjett, að farið sje varlega í að fjölga prestaköllum, þykja henni svo sterkar ástæður mæla með frv., að hún leggur til, að það verði samþykkt.

Tveir nefndarmanna (B. Stef. og Á. J.) áskilja sjer þó rjett til að hafa óbundið atkvæði um málið.

Alþingi, 12. mars 1925.

Magnús Torfason,
form.

Árni Jónsson.

Jón Baldvinsson,
fundaskrif. og frsm.

Bernharð Stefánsson.

Jón Kjartansson.